



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2020
R20030260

Borgarráð

Tillaga að nýjum innheimtuleglum Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögu að tímabundnum breytingum á innheimtuleglum Reykjavíkurborgar, merktar *FMS-STE-XXX Tímabundnar innheimtuleglur Reykjavíkurborgar vegna Covid-19*, sem ætlað er að taki gildi þann 2. apríl nk. Reglurnar eru til samræmis við þær aðgerðir sem borgarráð setti fram þann 26. mars sl.

Markmið reglnanna er að tryggja að jafnræði og að góðri stjórnsýslu verði gætt og að mið sé tekið af gildandi lögum. Markmiðið er að auka sveigjanleika í ljósi núverandi ástands, að innheimta verði sanngjörn og dráttarvextir og kostnaður í lágmarki um leið og jafnræðis og hagsmuna borgarinnar verði gætt.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

FMS-STE-XXX Tímabundnar innheimtuleglur Reykjavíkurborgar vegna Covid-19_drög

Greinargerð með tillögu um tímabundnar innheimtureglur Reykjavíkurborgar vegna Covid-19

Borgarráð fól fjármála- og áhættustýringarsviði að gera tillögu að tímabundnum breytingum á innheimtureglum Reykjavíkurborgar sem feli í sér aukinn sveigjanleika varðandi greiðslufresti í ljósi tímabundins tekjufalls og óvissu, sem náí hvoru tveggja til heimila og fyrirtækja. Tillagan á að tryggja að jafnræðis og góðrar stjórnslu verði gætt og tekið verði mið af gildandi lögum. Markmiðið er að auka sveigjanleika í ljósi núverandi ástands, innheimta verði sanngjörn og dráttarvextir og kostnaður í lágmarki um leið og jafnræðis og hagsmuna borgarinnar verði gætt.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur nú fram tillögu að tímabundnum innheimtureglum Reykjavíkurborgar vegna Covid-19. Reglurnar gilda frá 2. apríl til og með 31. desember 2020.

Helstu breytingarnar í tímabundnum innheimtureglum frá þeim innheimtureglum sem nú gilda eru eftirfarandi (efnisgreinar sem breytast eru feitletraðar):

1. Markmið

Endurskoðað til samræmis við við það markmið sem kom fram í tilkynningu borgarráðs þann 26. mars sl. varðandi aðgerðir vegna Covid-19.:

„Innheimtureglur þessar eru tímabundnar vegna þess ástands sem Covid-19 veirusýkingin hefur skapað. Tilgangurinn er að auka sveigjanleika í ljósi núverandi efnahagsástands, að innheimta verði sanngjörn og dráttarvextir og kostnaður í lágmarki um leið og hagsmuna borgarinnar verði jafnframt gætt. Markmiðið er að innheimtureglurnar eftir sem áður tryggi jafnræði og góða stjórnslu og taki mið af gildandi lögum.“

2. Ábyrgð og verkaskipting - Engar breytingar

3. Gildissvið - Engar breytingar

4. Helstu reglur

4.1. Skráning krafna - Engar breytingar

4.2. Greiðslufrestir

Breytt ákvæði um greiðslufresti almennra krafna, fasteignagjaldakrafna bæði almenn og sértæk úrræði auk ákvæðis um frestun á leigugreiðslum. Hægt verður að óska eftir greiðsludreifingu á almennum kröfum sem er frestað til allt að 6 mánaða. Ákvæði dráttarvaxta á almennum kröfum er breytt þannig að dráttarvextir eru ekki reiknaðir frá gjalddaga heldur eindaga og kröfur fara ekki í milliinnheimtu fyrr en ákveðinn dagafjöldi eftir eindaga.

Ákvæðin eru svohljóðandi:

Almennar kröfur:

„Hægt er að óska eftir að lengja eindaga í allt að 90 daga á allt að þremur kröfum í hverjum gjaldaflokki almennra krafna (þ.e. kröfum vegna veittrar þjónustu til borgarbúa) á gildistíma reglnanna. Þetta á ekki

við um gjöld sem greiða þarf áður en ákveðin þjónusta er veitt á umhverfis- og skipulagssviði. Hægt verður að óska eftir allt að 6 mánaða greiðsludreifingu á almennum kröfum sem lengt verður í eindaga í samráði við innheimtuaðila Reykjavíkurborgar.“

Fasteignaskattar og fasteignagjöld:

„Eftirstöðvum ógjaldfallinna fasteignaskatta og fasteignagjalda ársins (þ.e. lóðarleigu, sorphirðugjalds og endurvinnslugjalds) fyrir íbúðahúsnæði og atvinnuhúsnæði, sem koma til gjalda í maí til október verður dreift á mánuðina maí til desember, þ.e. ógjaldföllnum gjalddögum ársins verður fjölgað úr 6 gjalddögum í 8 þannig að gjalddagar fasteignagjalda verða í heildina 11 í stað 9. Þetta er gert til þess að létta undir með þeim aðilum sem nú þegar hafa fundið fyrir eða munu finna fyrir tekjufalli vegna þeirra efnahagsaðstæðna sem nú ríkja.“

"Fyrirtæki geta óskað eftir því að fresta allt að þremur gjalddögum fasteignaskatta og fasteignagjalda, (þ.e. lóðaleigu, sorphirðugjaldi og endurvinnslugjaldi) á atvinnuhúsnæði, vegna tekjufalls. Hámarksfrestur er til 15. janúar 2021. Skilyrði frestunar eru meðal annars:

- Skyndilegt, ófyrirséð og verulegt tekjufall á árinu 2020 sem leiðir af almennum samdrætti innanlands og á heimsvísu.
- Aðilar eru ekki í vanskilum á opinberum gjöldum, sköttum og öðrum greiðslum til sveitarfélagsins í lok ársins 2019.
- Aðrar útilokunarástæður í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum, sbr. bráðabirgðaákvæði VII í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987.

Atriði sem geta útilokað fyrirtæki frá fresti:

- Ef arði er úthlutað eða eigin hlutir keyptir á árinu 2020 eða úttekt eigenda innan ársins 2020 fer umfram reiknað endurgjald þeirra.
- Ef önnur skilyrði laganna (nr. 45/1987, með síðari breytingum) fyrir frestun eru ekki uppfyllt.

Fyrirtæki skulu hafa sótt um sambærilega frestun opinberra gjalda hjá Skattinum og skili með umsókn sinni móttökukvittun frá Skattinum fyrir slíkri umsókn. Ekki verður veittur frestur á fasteignasköttum og fasteignagjöldum á opinberum byggingum.“

Leigugreiðslur:

„Leigutakar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar geta óskað eftir frestun greiðslu leigu á allt að fjórum greiðslum sem eru á gjalddaga fyrir mars, apríl, maí og júní 2020 enda sýni þeir fram á að minnsta kosti þriðjungs tekjutap miðað við sama tíma árið 2019. Sama gildir um leigutaka hjá eignasjóði sem eru í húsnæði í eigu annarra enda samþykki leigusali Reykjavíkurborgar að fresta greiðslu leigu til sama tíma. Að öðru leyti gilda almennir leiguskilmálar og verklagsregla FMS-LBE-XXX um frestun leigu sem borgarráð hefur samþykkt.“

Dráttarvextir:

Engar efnislegar breytingar eru á útreikningi dráttarvaxta af höfuðstól ógreiddra fasteignaskatta og fasteignagjalda, þ.e. að dráttarvextir reiknast frá gjaldaga fram að greiðsludegi sé krafa greidd eftir eindaga.

Dráttarvextir af höfuðstól almennra krafna (þ.e. kröfum vegna veittrar þjónustu til borgarbúa), verða reiknaðir frá eindaga fram að greiðsludegi sé krafa greidd eftir eindaga á gildistíma þessara reglna.

Þetta þýðir að Reykjavíkurborg er að gefa eftir dráttarvexti frá gjalddaga til eindaga á gildistíma reglnanna sem eru almennt 30 dagar en geta verið allt að 90 dagar á kröfum sem óskað hefur verið eftir fresti á.

4.3. Fruminnheimta – Engar efnislegar breytingar

4.4. Milliinnheimta – Engar efnislegar breytingar

4.5. Löginheimta

4.5.1. Almenn – Engar efnislegar breytingar

4.5.2. Almennar kröfur – Engar efnislegar breytingar

4.5.3. Fasteignagjöld – Engar efnislegar breytingar

4.5.4. Kröfur bílastæðasjóðs – Engar efnislegar breytingar

4.5.5. Aðrar lögveðskröfur – Engar efnislegar breytingar

4.6. Greiðsluaðlögun og nauðsamningar – Engar efnislegar breytingar

4.7. Afskriftir krafna – Engar efnislegar breytingar

4.8. Kröfuvakt – Engar efnislegar breytingar

5. Eftirlit og árangursmiðuð stjórnun innheimtumála – Engar efnislegar breytingar

6. Gildistaka

Reglurnar gilda frá 2. apríl 2020 og er gildistími þeirra til 31. desember 2020. Við gildistöku þessara reglna falla niður aðrar reglur, tímabundið, um sama efni hjá Reykjavíkurborg sem tóku gildi hinn 21. september 2017. Eftir að tímabundnar breytingar sbr. að framan falla úr gildi vera fyrri reglur gefnar út á ný.

*Helga Benediktsdóttir,
skrifstofustjóri fjárfstýringar- og innheimtuskrifstofu*



Númer skjals:	FMS-STE-XXX
GoPro númer:	R20030260
Skjalalykill:	01.01.06 Innheimtureglur
Útgáfa:	1.0
Útgáfudags.:	02.04.2020
Síðast rýnt:	02.04.2020
Ábyrgðarmaður:	Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

FÁST-STE-XXX Tímabundnar Innheimtureglur Reykjavíkurborgar vegna Covid-19

1. Markmið

Innheimtureglur þessar eru tímabundnar vegna þess ástands sem Covid-19 veirusýkingin hefur skapað. Tilgangurinn er að auka sveigjanleika í ljósi núverandi efnahagsástands, að innheimta verði sanngjörn og dráttarvextir og kostnaður í lágmarki um leið og hagsmuna borgarinnar verði jafnframt gætt. Markmiðið er að innheimtureglurnar eftir sem áður tryggi jafnræði og góða stjórnsýslu og taki mið af gildandi lögum.

2. Ábyrgð og verkaskipting

Borgarstjórn fer með æðstu yfirstjórn á fjármálum borgarinnar, stofnana hennar og fyrirtækja. Borgarstjórn felur borgarráði og borgarstjóra ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.

Borgarráð fer með eftirlit með innheimtu á kröfum A-hluta borgarsjóðs Reykjavíkurborgar. Borgarráð staðfestir innheimtureglur Reykjavíkurborgar

Fagráð hefur eftirlit með rekstri málaflokks.

Borgarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd á innheimtum borgarsjóðs og stjórnsýslu henni tengdri.

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs hefur yfirumsjón með fjármálastjórn hjá Reykjavíkurborg, þ.e. A-hluta borgarsjóðs. Það felur m.a. í sér að sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skal hafa stjórnsýslulega yfirumsjón með innheimtum og fjárreiðum A-hluta borgarsjóðs. Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs ber ábyrgð á innheimtum á opinberum gjöldum og skal hafa eftirlit með innheimtum fagsviða á þjónustugjöldum. Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skal skilgreina árangursmælikvarða innheimtu borgarinnar og leggja reglulega fyrir borgarráð skýrslur um stöðu innheimtumála og frávik frá áætlun.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á stofnun krafna í fjárhagsbókhaldi vegna þjónustu hlutaðeigandi sviðs og eftirfylgni með innheimtu þeirra, svo og uppsögn þjónustu ef þjónustugjöld innheimtast ekki skv. reglum þessum.

3. Gildissvið

Reglur þessar taka til innheimtu og afskrifta á öllum kröfum A-hluta borgarsjóðs Reykjavíkurborgar gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum, s.s. vegna fasteigna- og þjónustugjalda.

Verklagsreglur og verkferlar skulu vera í samræmi við innheimtureglur Reykjavíkurborgar og skal vera tilvísun í innheimtureglurnar og skulu þær vera aðgengilegar þegar skilmálar og/eða gjaldskrár eru birtar á heimasíðum fjármála- og áhættustýringarsviðs eða fagsviða borgarinnar.

4. Helstu reglur

4.1. Skráning krafna

Allar kröfur skulu skráðar í fjárhagsbókhaldskerfi Reykjavíkurborgar með tilgreiningu á skuldara, skýringu á kröfu, gjalddaga og eindaga þar sem það á við. Öll reikningagerð skal byggja á skráningu í fjárhagsbókhaldskerfi borgarinnar.

4.2. Greiðslufrestir

Almennt gildir að kröfur eru á eindaga 30 dögum eftir gjalddaga. Sé um staðgreiðsluviðskipti að ræða ber gjalddaga og eindaga upp á sama degi.

Hægt er að óska eftir að lengja eindaga í allt að 90 daga á allt að þremur kröfum í hverjum gjaldaflokki almennra krafna (þ.e. kröfum vegna veittrar þjónustu til borgarbúa) á gildistíma reglnanna. Þetta á ekki við um gjöld sem greiða þarf áður en ákveðin þjónusta er veitt á umhverfis- og skipulagssviði. Hægt verður að óska eftir allt að 6 mánaða greiðsludreifingu á almennum kröfum sem lengt verður í eindaga í samráði við innheimtuaðila Reykjavíkurborgar.

Eftirstöðvum ógjaldfallinna fasteignaskatta og fasteignagjalda ársins, þ.e. lóðarleigu, sorphirðugjalds og endurvinnslugjalds, fyrir íbúðahúsnæði og atvinnuhúsnæði, sem koma til gjalda í maí til október verður dreift á mánuðina maí til desember, þ.e. ógjaldföllum gjalddögum ársins verður fjölgað úr 6 gjalddögum í 8 gjalddaga þannig að gjalddagar fasteignagjalda verða í heildina 11 í stað 9. Þetta er gert til þess að létta undir með þeim aðilum sem nú þegar hafa fundið fyrir eða munu finna fyrir tekjufalli vegna þeirra efnahagsaðstæðna sem nú ríkja.

Fyrirtæki geta óskað eftir því að fresta allt að þremur gjalddögum fasteignaskatta og fasteignagjalda, þ.e. lóðaleigu, sorphirðugjaldi og endurvinnslugjaldi, á atvinnuhúsnæði, vegna tekjufalls. Hámarksfrestur er til 15. janúar 2021. Skilyrði frestunar eru meðal annars:

- Skyndilegt, ófyrirséð og verulegt tekjufall á árinu 2020 sem leiðir af almennum samdrætti innanlands og á heimsvísu.
- Aðilar eru ekki í vanskilum á opinberum gjöldum, sköttum og öðrum greiðslum til sveitarfélagsins í lok ársins 2019.
- Aðrar útilokunarástæður í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum, sbr. bráðabirgðaákvæði VII í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987.

Atriði sem geta útilokað fyrirtæki frá fresti:

- Ef arði er úthlutað eða eigin hlutir keyptir á árinu 2020 eða úttekt eigenda innan ársins 2020 fer umfram reiknað endurgjald þeirra.
- Ef önnur skilyrði laganna (nr. 45/1987 með síðari breytingum) fyrir frestun eru ekki uppfyllt.

Fyrirtæki skulu hafa sótt um sambærilega frestun opinberra gjalda hjá Skattinum og skili með umsókn sinni móttökukvittun frá Skattinum fyrir slíkrri umsókn. Ekki verður veittur frestur á fasteignasköttum og fasteignagjöldum, þ.e. lóðarleigu, sorphirðugjalds og endurvinnslugjalds, á opinberum byggingum.

Leigutakar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar geta óskað eftir frestun greiðslu leigu á allt að fjórum greiðslum sem eru á gjalddaga fyrir mars, apríl, maí og júní 2020 enda sýni þeir fram á að minnsta kosti þriðjungs tekjutap miðað við sama tíma árið 2019. Sama gildir um leigutaka hjá eignasjóði sem eru í húsnæði í eigu annarra enda samþykki leigusali Reykjavíkurborgar að fresta greiðslu leigu til sama tíma. Að öðru leyti gilda almennir leiguskiilmálar og verklagsregla FMS-LBE-XXX um frestun leigu sem borgarráð hefur samþykkt.

Dráttarvextir reiknast af höfuðstól fasteignagjaldakrafna skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga fram að greiðsludegi sé krafa greidd eftir eindaga.

Dráttarvextir reiknast af höfuðstól almennra krafna (þ.e. kröfum vegna veittrar þjónustu til borgarbúa), , skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá eindaga fram að greiðsludegi sé krafa greidd eftir eindaga.

4.3. Fruminnheimta

Með fruminnheimtu er átt við stofnun kröfu í banka og að senda lögbundna innheimtuviaðvörðun skv. 7. gr. laga nr. 95/2008.

Kröfur skulu berast skuldurum með eðlilegum fyrirvara fyrir gjalddaga, þ.e. ávallt skal miðað við að kröfur hafi borist skuldara fyrir gjalddaga. Innheimta skal fara fram með kröfu í netbanka, greiðsluseðlum, boðgreiðslum eða beingreiðslum. Samræmdur gjalddagi skal vera á milli 1.-5. hvers mánaðar og eindagi skal vera 30 dögum eftir gjalddaga. Þó skal gjalddagi á kröfum Velferðarsviðs vera 15. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Senda skal skuldurum lögbundna innheimtuviaðvörðun fyrir hvern vanskilgjaldsdaga 10 dögum eftir eindaga.

Um kröfur bílastæðasjóðs gilda umferðarlög nr. 77/2019 en þar segir í 109 gr. að leggja meggi gjald á vegna brota á reglum um notkun stöðureita. Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu, sem fest skal við ökutækið, afhent ökumanni eða send með sannanlegum hætti til eiganda eða umráðamanns ökutækis. Gjaldagi er 14 dögum eftir álagningu. Verði krafa bílastæðasjóðs ekki greidd innan 14 daga frá álagningu er send rafræn tilkynning í netbanka og gjaldið hækkar um 50%. Verði krafan ekki greidd innan 28 daga frá álagningu er sent bréf á lögheimili skuldara og hækkar gjaldið um 100% frá upphaflegri álagningu.

4.4. Milliinnheimta

Milliinnheimta eru innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið lögbundna innheimtuviaðvörðun og áður en löginheimta hefst. Um milliinnheimtu gilda Innheimtulög nr. 95/2008.

Reykjavíkurborg leitast við að lágmarka þann kostnað sem skuldari verður fyrir í milliinnheimtu, s.s. með því að fara í útboð á þjónustunni til þess að lágmarka kostnað skuldara sbr. reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl., með síðari breytingum. Gjaldskrá skal samþykkt af borgarráði og vera aðgengileg skuldurum á vefsvæði innheimtuaðila.

Kröfur skulu berast með rafrænum hætti úr fruminnheimtu frá banka til milliinnheimtuaðila og skal áfram vera hægt að greiða kröfu með sama greiðsluseðli eftir flutning í milliinnheimtu. Greiðslur skulu berast beint til Reykjavíkurborgar frá banka.

Almennar kröfur fara í milliinnheimtu 25 dögum eftir eindaga. Hægt verður að óska eftir allt að 6 mánaða greiðsludreifingu á almennum kröfum (þ.e. kröfum vegna veittrar þjónustu til borgarbúa) sem lengt verður í eindaga í samráði við innheimtuaðila Reykjavíkurborgar.

Fasteignagjaldkröfur, þ.e. fasteignaskattar, lóðaleiga, sorphirðugjald og endurvinnslugjald, fara í milliinnheimtu 55 dögum eftir gjalddaga. Frestaðar fasteignagjaldkröfur, til 15. janúar 2021, fara ekki í milliinnheimtu heldur beint í löginheimtu 55 dögum eftir gjalddaga.

Á meðan krafa er í milliinnheimtu skulu skuldara send tvö milliinnheimtubréf. Fyrri milliinnheimtubréfið skal sent vegna almennra krafna 25 dögum eftir eindaga og vegna fasteignagjalda 55 dögum eftir gjalddaga og seinna milliinnheimtubréfið skal sent vegna almennra krafna 55 dögum eftir eindaga og vegna fasteignagjalda 85 dögum eftir gjalddaga. Áður en seinna milliinnheimtubréfið er sent skal skuldari minntur á kröfuna með einu símtali 45 dögum eftir eindaga vegna almennra krafna og 75 dögum frá gjalddaga vegna fasteignagjalda.

Kröfur bílastæðasjóðs fara í milliinnheimtu 48 dögum eftir gjalddaga. Á meðan krafa bílastæðasjóðs er í milliinnheimtu skal skuldara send tvö milliinnheimtubréf. Fyrri milliinnheimtubréfið skal sent 48 dögum frá gjalddaga og seinna milliinnheimtubréfið skal sent 90 dögum eftir gjalddaga. Áður en seinna milliinnheimtubréfið er sent skal skuldari minntur á kröfuna með einu símtali 80 dögum frá gjalddaga.

Almennar kröfur vegna þjónustu sem ekki hafa verið greiddar innan 110 daga frá eindaga skulu leiða til uppsagnar á þjónustunni með tíu daga fyrirvara. Skal þetta fyrirkomulag vera í auglýstum skilmálum þjónustunnar.

Senda skal áminningarbréf einu sinni í mánuði, ef krafa er ógreidd eftir síðara milliinnheimtubréf uns krafa er send í löginheimtu.

4.5. Löginheimta

4.5.1. Almenn

Löginheimta er innheimtumeðferð á grundvelli 24. gr. a laga um lögmenn, nr. 77/1998. Með löginheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga og markast upphaf hennar við aðgerðir sem byggðar eru á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um kyrrsetningu, lögbann o. fl., nr. 31/1990, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o. fl., nr. 21/1991, og lögum um skipti á dánarbúum o. fl., nr. 20/1991, eða tilkynningum sem samrýmast góðum lögmansháttum.

Reykjavíkurborg leitast við að lágmarka þann kostnað sem skuldari verður fyrir við löginheimtu, s.s. með því að fara í útboð á þjónustunni til að lágmarka þann kostnað sem leiðbeinandi reglur um endurgjald segja til um. Gjaldskrá skal samþykkt af borgarráði og vera aðgengileg skuldurum á vefsvæði innheimtuaðila.

Kröfur skulu berast með rafrænum hætti frá milliinnheimtu til löginheimtu.

Sameina skal kröfur í löginheimtu vegna sömu þjónustu og bæta nýjum vanskilum við eldri vanskil og láta þau fylgja málinu frá þeim tíma.

4.5.2. Almennar kröfur

Almennar kröfur, skulu fara í löginheimtu 90 dögum frá eindaga eða í samráði við kröfuhafa. Löginheimtubréf skulu send skuldurum eigi síðar en degi eftir að kröfur eru skráðar í löginheimtu. Skuldabréf skulu gjaldfelld við útsendingu löginheimtubréfs. Gera skal skuldara grein fyrir því í

Löginneimtubréfi að komi hann skuldabréfinu í skil innan 30 daga og greiði áfallinn og útlagðan kostnað, verði fallið frá gjaldfellingu bréfsins.

Almennum kröfum skal stefnt fyrir héraðsdóm í samráði við kröfuhafa.

4.5.3. Fasteignagjöld

Löginneimtubréf vegna fasteignagjalda, þ.e. fasteignaskatta, lóðaleigu, sorphirðugjalds og endurvinnslugjalds, skulu send út eftir að allir gjalddagar ársins eru fallnir í eindaga og í samráði við kröfuhafa.

Greiðsluáskoranir vegna ógreiddra fasteignagjalda skulu sendar eftir 15. febrúar næsta ár á eftir eða í samráði við kröfuhafa.

Nauðungarsölubeiðnir vegna ógreiddra fasteignagjalda skulu sendar sýslumanni eftir 15. mars næsta ár á eftir eða í samráði við kröfuhafa.

4.5.4. Kröfur bílastæðasjóðs

Kröfur bílastæðasjóðs eru sendar í löginneimtu einu sinni í mánuði, um 120 dögum frá gjalddaga.

Verði krafa ekki greidd innan tilskilins frests, skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um, að krafist verði aðfarar eða nauðungarsölu að tilteknum tíma liðnum, enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma. Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu.

Aðfarabeiðnir, greiðsluáskoranir og nauðungarsölubeiðnir skulu sendar í samráði við kröfuhafa.

4.5.5. Aðrar lögveðskröfur

Aðrar kröfur með lögveði skulu fara í löginneimtu 120 dögum frá gjalddaga eða í samráði við kröfuhafa. Löginneimtubréf skulu send skuldurum eigi síðar en degi eftir að kröfur eru skráðar í löginneimtu.

Greiðsluáskoranir og nauðungarsölubeiðnir skulu sendar í samráði við kröfuhafa.

4.6. Greiðsluáðlögun og nauðasamningar

Óski skuldari eftir greiðsluáðlögun samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga skal meðferð málsins vera í samræmi við verklagsreglu FMS-VLR-015 sem borgarráð hefur samþykkt.

Óski skuldari eftir nauðasamningi samkvæmt VI. – X. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. skal meðferð málsins vera í samræmi við verklagsreglu FMS-VLR-016 sem borgarráð hefur samþykkt.

4.7. Afskrift krafna

Starfrækja skal afskriftanefnd. Afskriftanefnd fer yfir og metur tillögur til afskrifta frá sviðum og stofnunum A-hluta Reykjavíkurborgar. Í afskriftanefnd sitja sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs, borgarlögmaður og borgarþóki. Lögfræðingur fjármála og áhættustýringarsviðs starfar með nefndinni.

Afskriftanefnd fundar a.m.k. tvisvar sinnum á ári, að jafnaði í maí og desember. Afskriftanefnd skal starfa eftir verklagsreglu FMS-VLR-014 sem borgarráð hefur samþykkt.

Kröfur sem njóta lögveðs eru ekki afskrifaðar.

Afskriftanefnd er heimilt í undantekningartilfellum, á grundvelli rökstuddrar beiðni viðkomandi sviðsstjóra, að fella niður og afskrifa almennar kröfur þegar sérstaklega stendur á.

Heimilt er að afskrifa kröfur án aðkomu afskriftarnefndar í eftirfarandi tilfellum:

- a) Þegar bú skuldara hefur verið tekið til gjaldprotaskipta á grundvelli laga nr. 21/1991.
- b) Komist á samningur um greiðsluáðlögun skulu kröfur felldar niður í samræmi við samning. Sé krafa felld niður að hluta skal sá hluti sendur í afskriftarferli. Afskrifaður hluti kröfu skal sendur í kröfuvakt þar til greiðsluáðlögunartímabili lýkur. Sé samningur um greiðsluáðlögun uppfylltur af hálfu skuldara skulu kröfur felldar niður að loknu greiðsluáðlögunartímabili.
- c) Komist á nauðasamningur skulu kröfur afskrifaðar í samræmi við samninginn. Afskrifaðar kröfur skulu vaktaðar í kröfuvakt, sbr. 4.8. þar til samningur hefur verið efndur samkvæmt efni sínu.

4.8. Kröfuvakt

Kröfur sem ekki innheimtast í milli- eða löginheimtu skulu vaktaðar í kröfuvakt hjá innheimtuaðila á fyrningartíma kröfu.

5. Eftirlit og árangursmiðuð stjórnun innheimtumála

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs hefur eftirlit með innheimtum fagsviða á þjónustugjöldum og skal upplýsa borgarráð reglubundið um stöðu innheimtumála og frávik frá áætlunum. Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skal skilgreina árangursmælikvarða innheimtu borgarinnar í starfsáætlun. Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skal a.m.k. einu sinni á ári fara yfir lykiltölugreiningu á rekstri og ræða tækifæri til umbóta á rekstri við stjórnendur á sviðinu, með það að markmiði að bæta þjónustu, auka skilvirkni og lækka kostnað.

6. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi svo breyttar hinn 2. apríl 2020 og er gildistími þeirra til 31. desember 2020.

Við gildistöku þessara reglna falla niður aðrar reglur, tímabundið, um sama efni hjá Reykjavíkurborg sem tóku gildi hinn 21. september 2017. Eftir að tímabundnar breytingar sbr. að framan, falla úr gildi verða fyrri reglur gefnar út á ný.

Samþykkt í borgarráði 2. apríl 2020

Sjá ennfremur:

FÁST-VLR-014 Verklagsregla fyrir afskriftanefnd um afskriftir krafna A-hluta borgarsjóðs Reykjavíkurborgar.

FÁST-VLR-015 Verklagsregla vegna greiðsluaðlögunar einstaklinga.

FÁST-VLR-016 Verklagsregla vegna nauðasamninga.

FÁST-LBE-XXX Innheimtuferill krafna.

FÁST-LBE-XXX Reglur um frestun leigugreiðslna.

Númer skjals:	FMS-LBE-XXX
Skjalalykill:	01.01.06 Innheimtureglur
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	02.04.2020
Síðast rýnt/næst rýnt:	02.04.20
Ábyrgðarmaður:	Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

FMS-LBE-XXX Reglur um frestun leigugreiðslna af leigu þriðja aðila í húsnæði Reykjavíkurborgar.

1. Markmið

Borgarráð samþykkti á fundi 26. mars 2020 fyrstu aðgerðir til að bregðast við áfallinu sem Covid-19 faraldurinn hefur í för með sér með áherslu á velferð borgarbúa, afkomu þeirra og grunnstoða borgarsamfélagsins sem þurfa að standa af sér víðtækar afleiðingar faraldursins.

Markmið aðgerðanna er að stytta niðursveifluna eins og kostur er, verja lífsafkomu og líf skjör allra borgarbúa, styðja við endurreisn fyrirtækja og atvinnulífs og skapa á ný fjölbreytta og blómlega framtíð í lífsgæðaborg.

2. Ábyrgð

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á að svörun erinda og afgreiðslu þeirra.

3. Framkvæmd

Leigutakar hjá eignasjóði sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar geta óskað eftir frestun greiðslu leigu á allt að fjórum greiðslum sem eru á gjalddaga fyrir mars, apríl, maí og júní 2020 enda sýni þeir fram á að verða fyrir verulegu tekjutapi miðað við sama tíma árið 2019 vegna sérstakra aðstæðna sem nú er í gangi.

Sama gildir um leigutaka hjá eignasjóði sem eru í húsnæði í eigu annara enda samþykki leigusali Reykjavíkurborgar að fresta greiðslu leigu til sama tíma.

Við mat á því hvort um tekjufall er að ræða skal miða við a.m.k. þriðjungssamdrátt í rekstrartekjum yfir heilan mánuð samanborið við sama mánuð árið 2019.

Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestað að uppfylltum skilyrðum verður 15. janúar 2021. Leigugreiðslur sem frestast bera ekki vexti né taka breytingum á vísitölu.

Frestun greiðslu leigu gildir ekki fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar né þá leigutaka hjá eignasjóði sem fá óbreyttan húsnæðisstuðning frá Reykjavíkurborg.

Umsóknum þarf að fylgja yfirlit yfir tekjur á síðasta ári borið saman við áætlaðar tekjur á þessu ári.

Umsókn um frestun leigu skal senda á póstfangið esr@reykjavik.is